

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 28. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar.

Breytingin felist í því að staðsettar eru tvær nýjar niðurdælingarholur fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð á þegar skilgreindu 0,4 ha niðurdælingarsvæði sunnan við kæliturninn í Kröflu. Markmiðið er að draga úr yfirborðslosun þéttivatns í Dallæk og er því bætt í niðurdælingu þéttivatns.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 2. janúar 2025.

Anna Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. janúar 2025